



## Ársfundur 11. júní 2020 Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2019 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 70 sjóðfélagar hjá 6 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 11 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 63 milljón króna og lækkuðu um 18% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 64.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 946 milljónum króna og hækkuðu um 15% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 645 á árinu 2019 en á árinu 2018 nam fjöldinn 593.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 9,6% og hrein raunávöxtun 6,7% samanborið við 3,9% nafnávöxtun og 0,7% raunávöxtun á árinu 2018. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 12.713 milljónum króna og hækkaði um 6% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 4,4% og 3,9% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 36 m.kr. á árinu. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu um áramót 19.234 m.kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors 11.312 .kr. Áfallnar skuldbindingar nema því 7.923 m.kr. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir um 59% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári.

Frá lokum reikningsársins hafa hlutabréf í eignasafni sjóðsins lækkað töluvert í verði í kjölfar áhrifa Covid-19 veirunnar. Lágst áhættustig sjóðsins og dreifð eignasamsetning

hafa dregið úr áhrifum þessa á eignasafnið í heild. Engu að síður má búast við að lækkunin hafi neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.